

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 219/2024

2024/EES/92/38

frá 23. september 2024

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 13. desember 2023 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð⁽¹⁾.
- XV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 1ea (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013):

„**32023 R 2831**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) frá 13. desember 2023 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð (Stjtíð. L, 2023/2831, 15.12.2023).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.: „Þessi reglugerð skal ekki gilda um atvinnugreinar sem falla ekki undir 61. til 64. gr. EES-samningsins.“
- Í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 7. gr. koma orðin „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“ í stað orðanna „1. mgr. 107. gr. sáttmálans“.
- Í 1. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 7. gr. koma orðin „3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í stað orðanna „3. mgr. 108. gr. sáttmálans“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2023/2831, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtíð. ESB L, 2023/2831, 15.12.2023, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2831/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður